

Athugasemdir vegna náttúruverndarfrumvarps.

Megnið af frumvarpinu er gott. Samt spurning hve miklu næst að breyta á fáum dögum. Ég sendi inn svipaðar athugasemdir við bæði Hvítbók og drögin að þessum lögum í haust. Sennilega lagði ég of mikla vinnu í þau með of mikið af tilvitnunum. Hér er stutt útgáfa, sú 4 sem ég geri ☺ hef hennt öllu út sem ekki snýr að útivist eða almannarétti.

Hrifin af kafla 1. Spurning um 5 greinina.

- 1 5. Grein Hér vantar skilgreiningar, til dæmis á víðerni. Erum með nokkrar nú þegar en engar 2 eins. T.D Vjþ, Hvítbók og erlenda staðla. Sem samt eru ekki eins! Hér er spurningin hvort slóði sem liggur kyrrlátlega í landslega skerðir víðerni eða ekki. Nokkuð atriði fyrir okkur að það megi. Í Landsskipulaginu sem er verið að vinna er t.d vitnað í skilgreiningu víðernis í þessum lögum. Aðrar skilgreiningar vantar líka eins og á mismunandi tjöldum ef menn vilja fara þá leið. Má líka sleppa því að greina tjöld upp.
- 2 19. Grein Hér er verið að takamarka för gangandi manna um óræktað land. Það er óþarfi. Vísa til laganna frá 56. Betur orðað þar. Anar möguleiki gæti verið að gefa landeigenda möguleika á að sækja leyfi árstíðabundið hjá ráðuneytinu. Vil samt helst fara til baka.
- 3 21 og 22 Grein Hjól heyra undir umferðalög og má skv því ekki hjóla á stígum eða gangstéttum. Undan þága er fyrir að hjóla á gangstéttum en hér er verið að takmarka að óþörfu hjólandi umferð. Sama má segja um hestamennsku. Það er mikill munur á fáum hestum eða stóði. Það er mikill munur á atvinnuleiðum eða því að félagar fari með 2 til reiðar. Hér er verið að þrengja óhóflega. Kvæðin um böðun er verulega sérkennilegt. Að mega alltaf baða sig í öllu vatni svo fremi sem landeigandi verður ekki fyrir truflun er klaufalegt. Fer t.d Illa saman við stangveiði. Vil t.d ekki sjá rútur af fólki stefna í það í Laxveiðiám!
- 4 23-24 Grein.Tjöldunarkaflinn er klaufalegur. Af hverju þarf að tilgreina sérstaklega hvaða tegundir af tjaldi fólk má tjalda nærri og fjarri alfaraleið. Það verur matskennt. Fyrir utan að skilgreina verður öll tjöld. Það fer engin með 60-80 kg hústjald langar vegalengdir á bakinu svo þetta stýrir sér sjálft. Bara taka út viðlegutjald og göngutjald fyrir tjald. Þá má líka trússa á bát jafnvel Kajak og tjalda í fjörum. Hjólhýsa og tjaldvagnakaflann þarf að endurskoða. Það gengur ekki að hafa það með hefðbundnum tjöldum. Samt gengur heldur ekki að setja skilyrðin þannig að hvergi megi nota þau. Þá leggjast af landsmót, hestamannamót, ættarmót og svo frv af! Hitt er annað að við t.d Hengifoss voru húsbílar farnir að nýta salernisaðstöðu og vask eins og tjaldstæði. Við Þingvelli tjaldaði fólk á bílastæðum sumarbústaða!
- 5 25. Grein Takmörkun Umhverfisstofnunar. Stofnunin nýtur ekki trausts svo setja verður þrengri skorður um réttindi hennar.
- 6 29 Grein er góð. Hef að vísu ákveðnar efasemdir um verkhraða Umhverfisstofnunar en greinin er fín.

- 7 31. Grein Þarna er komið að merkilega íslensku fyrirbrygði sem hefur borið hróður íslands yfir Grænlandsjökul og á báða pólana. Merkileg sprotafyrirtæki orðið til. Má ekki gera þetta skýrara. Einnig að ef slóði er lokaður um vetur er það þá ekki eini staðurinn sem ekki má aka á? Þarf að vinna betur. Undanþágur þarf að takmarka meira og láta skrá þær. Þegar rjúpa var veitt í október þá var árvísst að veiðimönnum voru kennd för eftir smala!
- 8 32. Grein Kortagrunnur er ekki alsæl hugmynd. Tilgangurinn er fagur að koma í veg fyrir að slóðakerfi haldi áfram að vaxa eins og krabbamein um landið. Vandinn er hinsvegar hvernig á að gera grunnin og hvernig á hann að sjást og hvaða slóðar fara inn á hann. Fyrstalagi þá er gríðarleg tortryggni í gangi. Í VJþ var lokað yfir 70 slóðum. Allir sammála um 60 þessara lokana. Hinum virðist ekki vera hnikað þrátt fyrir þúsundir mótmæla. Kannski opnast Vikrafellsleið, það mæla allir með því nema yfirstjórn VJþ. Aðrar leiðir ekki einu sinni verið teknar til umfjöllunar frá 2010! Fljótt á litið, skipta landinu upp í svæði. Byrja á miðhálandinu og klára það innan ca 4 ára. Það næst ekki að gera þetta hraðar. Setja saman nefnd sem ber ábyrgð á flokkun opinna og lokaðra leiða. Þar verða að vera fulltrúar tveggja ráðuneyta sveitarfélaga (Skipulags mál) og margir fulltrúar notenda. Þegar hálandinu er lokið fara þá á eignarlöndin með svipaða nefnd en bæta við viðkomandi landeigendum.
- 9 43. Grein. Er þetta ekki soldið sérstakt miðað við t.d eignarréttarákvæði stjórnarskrár!  
10 44 grein. Mikið af landi í einkaeign er friðlýst. Ekki viss um að það að takmarka eign manna svona standist lög? Held að samfélagslegur þrýstingur sé betri en lagasetning. Einnig getur þetta komið í veg fyrir friðlýsingar.
- 11 46 Grein, á þessu er tekið í skipulagslögum með mannvirkjabeltum. Ef menn telja þetta skinsamlega leið þá koma orðum eins og einveru út úr lögum. Við hjónin upplifðum mikla einveru á vélsleða á Langjökli. Einvera er huglæg! Sjáum það í VJþ að skothvellur rjúpnaveiðimanns í Snæfelli á að trufla skólabörn tugum kílómetra í burtu.
- 12 47-52 Þjóðgarðar, friðlýsingar, fólkvangar! Miðað við hvernig staðið hefur verið að þessu hingað til tel ég rétt að þetta fái þinglega meðferð. Treysti þinginu til að snyrta lögin. Ef þau eru vel unnin þá renna þau í gegn.
- 13 53 grein. Tilheyrir skipulagslögum og vandséð að þessa grein þurfi eða að hún haldi!  
14 Mjög hrifin af kafla XV.  
15 Bráðabirgðarákvæðin ganga ekki upp, hvorki tímalega né faglega. Þarf að endurskoða.

Með vinsemd og virðingu:

Einar K Haraldsson

2601645709

860 99 55

einarh@fastrik.is